

Snjóflóðasetur Flateyrar

Avalanche Centre of Iceland

“Saga, fræðsla og forvarnir”

Snjóflóð eru mannskæðustu náttúruhamfarir Íslands, en það er hvergi á Íslandi hægt að kynna sér þau með ítarlegum hætti í gegnum lifandi frásögn og fræðslusýningu þrátt fyrir gríðalega eftispurn. Því er hugmyndin að setja á fót Snjóflóðasetur á Flateyri þar sem gestir geta fræðst um snjóflóðin á Flateyri og snjóflóð almennt. Lögð verður áhersla á fræðslu og forvarnir í bland við persónulegar frásagnir, sýndarveruleika, muni og myndefni frá snjóflóðum.

Markmið Snjóflóðaseturs Flateyrar eru þrjú:

1) Að sinna fræðslu og forvörnum um snjóflóð á Íslandi.

Eitt helsta hlutverk Snjóflóðaseturs Flateyrar er að sinna fræðslu og forvörnum. Með aukinni fjallaskíðamennsku og vetrarafþreyingu á Vestfjörðum er viðbúið að snjóflóðatengdum slysum muni fjölga og því er gríðalega mikilvægt að leggja mikla áherslu á fræðslu og forvarnir til að fækka og koma í veg fyrir manntjón á svæðinu.

2) Að veita upplýsingar um snjóflóðasögu Flateyrar.

Hvort sem okkur líkar það betur eða verr, þá er Flateyri snjóflóðahorpi Íslands og því er mikilvægt fyrir okkur að taka af skarið og bjóða upp á fræðslu um snjóflóðin. Með því móti getum við stýrt umræðunni og komið frásögninni í jákvæðari farveg, án þess þó að draga neitt undan. Þannig mun þekking landsmanna á snjóflóðasögu okkar styrkja ímynd Flateyrar og auka skilning á lífi okkar og lífsgæðum á Vestfjörðum í skugga snjóflóða.

3) Að skapa traustar stoðir undir heilsársferðapjónustu í Önundarfirði.

Með uppbyggingu og opnun Snjóflóðaseturs Flateyrar gjörbreytist landslag ferðapjónustu á svæðinu. Með tilkomu setursins skapast í fyrsta sinn forsendur til að bjóða upp á heilsársferðapjónustu á Flateyri, þar sem bæði Snjóflóðasetrið og Gamla Bókabúðin munu geta starfað yfir allt árið í sameiningu. - Snjóflóðasetur Flateyrar í samstarfi við Gömlu bókabúðina á Flateyri mun skapa eitt nýtt heilsársstarf í ferðapjónustu og fræðslu á Flateyri. Auk þess að styrkja aðra ferða-, veitinga- og gistipjónustu á svæðinu.

Starfsemi og uppsetning Snjóflóðaseturs Flateyrar:

Mikil áhersla verður lögð á persónulega upplifun gesta, verður það gert í gegnum daglegar snjóflóðagöngur og kynningar. Sýningin mun fyrst og fremst innihalda ljósmyndir, lifandi efni og muni sem tengjast snjóflóðum. Lítið sem ekkert verður um textaspjöld og annað slíkt á sýningunni. Við viljum miðla upplýsingum og fræðslu á persónulegan hátt og með lifandi efni. - Þá verður sýndarveruleikaheimurinn nýttur fyrir ítarlegri upplýsingagjöf. Þannig getur gesturinn gengið inn í ákveðin hús á Flateyri (Í sýndarveruleika) til að nálgast frekari upplýsingar um ákveðna þætti snjóflóða.

Setrið mun innihalda eftirfarandi þætti:

- 1) Daglegar snjóflóðagöngur um Flateyri.
- 2) Ljósmyndir og munir frá snjóflóðasögu Flateyrar.
- 3) Flateyri í sýndarveruleika fyrir snjóflóðið 1995. - Gestir munu geta ferðast um Flateyri og gengið um þær götur sem lentu undir snjóflóðinu 1995.
- 4) Heimildarmynd með frásögnum frá snjóflóðum.
- 5) Gagnvirkur og daglega uppfærður upplýsingaskjár um snjóflóð og snjóflóðahættu.
- 6) Snjóflóðalíkan þar sem hægt er að framkalla snjóflóð og sjá virkni þeirra.
- 7) Fyrirlestra- og kennslusalur fyrir námskeið.

Rekstrarforsendur:

Núverandi rekstrarplan gerir ráð fyrir því að sýningin verði sett upp í Svarta pakkhúsinu á Flateyri, gengt Gömlu Bókabúðinni. Með því skapast mikil samlegðaráhrif með Bókabúðinni. Þá má til dæmis samnýta starfsmann á rólegum stundunum, sem tryggir lægri rekstrarkostnað og lengra starfstímabil en ella.

Hugmyndin er að byggja setrið upp jafnt og þétt, byrja á einfaldri sýningu sem hægt er að styrkja og bæta eftir því sem fjárhagur leyfir. Með því móti þarf upphafskostnaður ekki að vera mikill, en verður þó á bilinu 5-7 milljónir fyrir utan útlagðar vinnustundir. Sýningin verður að mestu fjármögnuð með styrkjum og eigin fé.

Til að byrja með vonumst við til að fá 5,000 gesti á sýninguna og 1,000 gesti í snjóflóðagöngur á ári. (Til samanburðar eru gestir Bókabúðarinnar um 12,000 á ári og um 200 manns mættu á vikulegar snjóflóðagöngur sumarið 2020.) - Setrinu er ætlað að standa undir sér fjárhagslega.

Að lokum:

Í allri vinnu við uppsetningu setursins verður samvinna höfð að leiðarljósi. Verkefnið verður unnið í góðri samvinnu við heimamenn, fagfólk og aðra, til að skapa snjóflóðasetur sem verður sameign okkar allra, sem samfélagið getur verið stolt af og mun stuðla að uppbyggingu á Flateyri.

Þá verður lögð sérstök áhersla á samstarf við Björgunarsveitina Sæbjörgu á Flateyri og gert ráð fyrir því að hún fái annaðhvort hluta af tekjum setrins eða að settur verður upp söfnunarbaukur í setrinu sem gestir verða hvattir til að gefa í. Okkar von er að setrið muni skila björgunarsveitinni á Flateyri 500þ - 1 milljón kr. árlega.

Fyrir hönd starfshóps um stofnun Snjóflóðaseturs Flateyrar.

Eyþór Jóvinsson
27. ágúst 2020